

Colas hf.  
Gulhelli 1  
221Hafnarfjörður

Akureyri, 21. apríl 2021  
UST202102-306/G.S.Á.  
08.06.02

### **Reglubundið eftirlit þann 19.3.2021, í bikstöð - Colas hf. Hafnarfirði.**

Þann 19. mars sl. fór fram eftirlit í bikstöð Colas hf., Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik er varðar lyktarmengun frá bikstöðinni. Gæta skal þess að bik sem keypt er inn sé ekki lyktarsterkt en komi til þess að lyktarkvartanir verði áfram tíðar og lyktin af bikinu sterk skal rekstraraðili setja upp kerfi með afsogsbúnaði og kolahreinsun við afgreiðsluþlan til varnar lyktarmengunar.

**Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða að verklagsreglur um löndun biks þarf að skýra betur og setja í skjal sem aðgengilegt er starfsmönnum og að setja þarf upp betra plan um reglulega skoðun á olíuskilju.**

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Nýr 3.700m<sup>3</sup> geymir hefur verið tekinn til notkunar í stöðinni. Rekstraraðili fékk undanþágu til reksturs nýja geymisins til 1. janúar 2021, eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Starfsleyfið hefur enn ekki verið gefið út og því er reksturs nýja geymisins án starfsleyfis.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. maí 2021.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson